

*Alþingi
Erindi nr. P 128, 799
komudagur 17.1.2003*

Til nefndarsviðs Alþingis

Reykjavík, 10. janúar 2003

Landssamband eldri borgara hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar frá Heilbrigðis og trygginganefnd á þskj. nr. 25.

Landssambandsstjórnin hefur áður sent inn jákvæða umsögn um þetta sama efni.

Ekki sýnist síður vera þörf fyrir sjúkrahótel í tengslum við rekstur stóru sjúkrahúsanna nú heldur en áður var talað um.

Það virðist m.a. skv. þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð með tillögunni, augljóst að verulegur sparnaður gæti falist í því að koma upp slíkri hótélstarfsemi.

Auk þess skal upplýst að í sameiginlegri vinnu þeirri sem fram fór á haustmánuðum af hálfu stjórnvalda og fulltrúa Landssambands eldri borgara til undirbúnings tillögugerðar um bættu aðstöðu og afkomu eldri borgara þar var málið á dagskrá. Komu ítrekað fram ábendingar frá viðmælendum starfshópsins um að bygging og rekstur sjúkrahótela gæti verið góður kostur bæði fyrir sjúklinga og fyrir ríkið.

Stjórn Landssambands eldri borgara mælir því eindregið með að umrædd þingsályktunartilaga fái jákvæða afgreiðslu í Alþingi.

Virðingarfyllst,
F.h. Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson